

Samþykkt

49
20. apríl

um kynbætur hesta í Vesturbarðastrandarsýslu.

Sýslunefndin í Vesturbarðastrandarsýslu hefir samkvæmt lögum 11. desbr. 1891, um samþykktir um kynbætur hesta sbr. lög 20. desbr. 1901, um viðaukalög við nefnd lög 11. desbr. 1891, gjört eptirfylgjandi samþykkt um kynbætur hesta í nefndri sýslu:

1. gr.

Á hausthreppaskilum ár hvert, skal hreppstjóri í hverjum hreppi sýslunnar annast um, að kosin sje þrjú manna nefnd til að hafa nákvæmt eptirlit með kynbótum hrossa, samkvæmt reglum þeim, er hjer eru settar.

2. gr.

Kosningarrjett og kjörgengi til kynbótanefndar þessarar hefir hver hreppsþúi, sem eigi er öðrum háður sem hjú, og er hann skyldur að taka á móti kosningu 3 ár í senn. Að þeim tíma liðnum getur hann neitað að taka á móti kosningu jafn langan tíma.

3. gr.

Nefndarmenn kjósa sjer formann, er stýrir gjörðum nefndarinnar, en allir skulu þeir svo sem unnt er, kynna sjer hestakyn innanhrepps og í nærliggjandi hreppum, og hafa nákvæmar gætur á meðferð hrossa í hreppnum.

4. gr.

Kynbótanefnd þessi heldur aðalfund sinn í aprílmánuði ár hvert. Formaður auglýsir hreppsþúum fundardag og fundarstað með nægum fyrirvara. Hver sá hreppsþúi, sem æskir þess, að gradhestur til undaneldis sje til nota í hreppnum á því vori, skal gefa kynbótanefndinni það til kynna fyrir fundinn, eða á fundinum. Æski 3 eða fleiri hreppsþúar þess, skal kynbótanefndin þá velja úr gradhestum þeim, sem vól er á innanhrepps, kynbótahest, einn eða fleiri, eptir því sem þörf er á. Áliti þeir engan gradhest innanhrepps hæfan til kynbóta, skulu þeir, ef unnt er, fá lánaðan gradhest utanhrepps. Svo skulu nefndarmeun og tiltaka, undan hverjum hryssum megi ala gradhesta til kynbóta.

5. gr.

Til kynbóta skulu valdir þeir gradhestar, sem eptir því, sem unnt er fullnægja eptirfylgjandi skilyrðum: Þeir sjeu ekki getnir af ofskyldum foreldrum — ekki móður og syni eða systkinum —, en sjeu af hraustu kyni og holdsömu, hafi hreinan gang, hvort sem er á skeiði eða brokki, sjeu skapmiklir og ófælnir, helzt einlitir, eigi glaseygðir eða hringeygðir, nje hafi álfabruna á nös-um, nje tannsjúkdóma, sjeu gervilegir á vöxt og stórir, hausfríðir, kjálkaþykkir, bogmekktir, þreknir um bóga, beinhryggjaðir og stutthryggjaðir, lendbrattir og lendbreiðir, vöðvaþykkir, kögglastuttir og kögglagildir, snögghærðir og þjett-hærðir, prúðir á fax og tagl, rjetthæfðir og dökkhæfðir, pungsíðir og kólfdigrir.

Hestamæður, sem kynbótahesta skal undan ala, skulu, eptir því, sem átt getur við, fullnægja sömu skilyrðum og sett eru um gradhesta, og auk þess hafa útskotna nára. Eigi skulu kynbótahryssur yngri vera en 5 vetra og ekki eldri en 15 vetra.

49 Kynbótahestana má nota til undaneldis úr því að þeir eru 3 vetra, og 20. apríl til þess þeir eru 5 eða 6 vetra.

6. gr.

Fola þá, sem eru undan kynbótahryssum, og sem kynbótanefnd hefir álitid hæfa til undaneldis, má eigi gelda fyrir en þeir eru þrevetrir, og þá eigi nema með vitund og vilja hlutadeigandi kynbótanefndar. En allir þeir folar, sem eigi eru ætlaðir til kynbóta, skulu geltir eigi síðar en fyrir lok einmánaðar, er þeir eru á annan vetur, ef það er unnt skapnaðar vegna. Kynbótanefndin ræður um meðferð þeirra fola, sem eigi er unnt að gelda innan þess tíma.

7. gr.

Eigendur gradhesta skulu skyldir til, eptir áskorun kynbótanefndar, að ljá þá til undaneldis, meðan þeir eru á þeim aldri, sem ákveðinn er í 5. gr. Kynbótanefndin ákveður eiganda kynbótahests hæfilegan toll fyrir hverja hryssu, er fær við hestinum, og skal tollur sá goldinn af eiganda hryssunnar. Auk þess er hreppsnefnd heimilt, eptir tillögum kynbótanefndar, að greiða úr sveitarsjóði allt að 20 kr. þóknun til kynbótahestseiganda, svo framarlega sem hann eptir framlögðum reikningum ekki hefur fengið kostnað sinn uppborinn af tollunum það ár. Eigandi eða geymandi kynbótahests ábyrgist, að hestur hans gjöri eigi óskunda á hrossum manna utan landamerkjá geymanda.

8. gr.

Hryssur, sem fyljast hafa, mega eigi mæta erfiðri brúkun næsta mánuð á eptir. Kynbótahesta má eigi hafa til reidar eða áburðar yngri en 4 vetra, og skal ávallt hlífa þeim við erfiði þann tíma, sem þeir eru notaðir til undaneldis.

9. gr.

Kynbótanefndin hefur eptirlit með því, að samþykkt þessari sje fylgt; skal hún bóka gjörðir sínar, og fyrir hver haust-hreppaskil semja skýrslu um þær, og senda hana, undirritaða af öllum nefndarmönnum, sýslunefndarmanni hreppsins, sem svo gjörir við hana athugasemdir þær, er honum þurfa þykir, og leggur hana fram á sýslufundi. Bók handa nefndinni borgist úr hlutadeigandi hreppssjóði.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, allt að 50 kr., sem renni að $\frac{2}{3}$ í sveitarsjóð þar, sem brotið er framið, en að $\frac{1}{3}$ til upppljóstrarmanns.

Mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest af undirrituðum amtmanni til þess að öðlast gildi 1. ágúst 1903, og kunngjöríst öllum hlutadeigendum til eptirbreytni.

Vesturamtið, Reykjavík 20. apríl 1903.

J. Havsteen.